

Stjórn HB Granda hf.
b.t. Magnúsar M. S. Gústafssonar, stjórnarformanns
Norðurgarði 1, 101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2019

Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 29. mars 2019

Með vísan til auglýsingar stjórnar félagsins um aðalfund HB Granda hf. óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, eftir því að stjórn félagsins taki eftirfarandi breytingartillögu til meðferðar á fundinum.

Breytingartillaga á framlagðri tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 8. dagskrárliður fundarins. Tillagan er svohljóðandi:

Við fyrirleggjandi tillögu stjórnar bætist eftirfarandi texti:

„Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Tillagan hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirleggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð með tillögu:

Sambærileg breytingartillaga var lögð fram á aðalfundi félagsins 2017 og var þar samþykkt af hluthafafundi. Tillagan byggir á því sjónarmiði að stjórn félagsins geri hverju sinni grein fyrir því í hvaða tilgangi og í hvaða umfangi félagið á í viðskiptum með eigin hlutabréf. Framlögð tillaga stjórnar gerir ráð fyrir að hámarksheimild sé veitt til stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum án þess að hluthöfum séu veittar upplýsingar um hvort stjórn þurfi á slíkri heimild að halda eða í hvaða tilgangi og í hvaða umfangi stjórnin hyggst stunda viðskipti með eigin bréf. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs byggir á því að núverandi tillögu stjórnar sé breytt með þeim hætti að hún sé takmörkuð við formlegar endurkaupaáætlanir eða almenn tilboð til hluthafa þar sem jafnræðis sé gætt milli hluthafa.

Með formlegri endurkaupaáætlun í tillögunni er átt við viðskipti sem falla undir 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Ítarlegar reglur gilda um upplýsingaskyldu og framkvæmd við slíkar aðstæður sem tryggja jafnræði og gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti. Við þær aðstæður gilda ekki sömu reglur og almennt varðandi verð í viðskiptum við kaup eigin bréfa samkvæmt lögum og er þess getið í tillögunni.

Þá er lagt til að félaginu verði heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi (þ.e. öfugt útboð), enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Slíkt yrði að sjálfsögðu aðeins framkvæmt að því marki sem lög heimila, s.s. lög um verðbréfavíðskipti, og aðeins að því marki sem formleg endurkaupaáætlun þykir ekki duga til þess að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt, s.s. samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins eða stefnu um fjármagnsskipan.


Hafi félagið fjármuni til ráðstöfunar til hluthafa er eðlilegt að þeim sé ráðstafað með almennum hætti þar sem hluthöfum og öðrum markaðsaðilum er fyrirfram ljóst hvernig staðið er að málum. Þetta getur til dæmis verið gert með arðgreiðslu, með endurkaupaáætlun þar sem ljóst er fyrirfram hvernig félagið stendur að endurkaupum og í hvaða umfangi, eða með almennu tilboði til hluthafa þar sem það sama liggur fyrir.

Rétt er að vekja athygli á því að það er hluthafafundur sem hefur heimild til ráðstöfunar eigin hlutabréfa og getur veitt tiltekna heimildir til stjórnar í því samhengi. Það getur ekki talist réttur stjórnar að hafa opna slíka heimild til staðar. Því er rétt að óskað sé eftir slíkum heimildum ásamt viðeigandi rökstuðningi gagnvart hluthöfum hverju sinni.

Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er því lögð fram til að skýra betur og afmarka umboð stjórnar vegna heimilda til kaupa á eigin hlutum með jafnræði hluthafa að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir því að aðrar heimildir hluthafafundar er varða kaup á eigin bréfum en þær sem hér eru lagðar til falli niður verði tillagan samþykkt.

Reykjavík 22. mars 2019

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri